

## **19. Stjórnarfundur FENÚR,**

haldinn 10. júlí 2000 kl. 15:30 á skrifstofu Endurvinnslunnar hf. Knarrarvogi.

Mættir: Gunnar Bragason, Ingi Arason og Jóhannes Pálsson.

### **Fundargerð.**

Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.

### **Vinnuhópur, LCA greining.**

Ingi sagði stuttlega frá fundi í vinnuhópnum (Ingi, Ragna og Helga Jóhanna frá Línuhönnun). Markmið hópsins er að búa til leikreglur fyrir slíka greiningu hér á landi og til að forma slíkar leikreglur verði eitt afmarkað verkefni unnið hér á landi, t.d. sorphirða á höfuðborgarsvæðinu.

### **Aðalfundur ISWA.**

Gunnar sagði frá aðalfundi ISWA sem haldin var í París 2. júlí sl. Minnispunktar vegna fundarins fylgja með þessari fundargerð.

### **Starfshópar og ráðgjafastjórn.**

Nauðsynlegt er að ýta við starfshópum eftir verslunarmannahelgi. Einnig þarf að skoða í haust hvort leggja eigi til við ráðgjafarstjórn að starfshópum verði fækkað og verkefni sameinuð.

Lagahópur hefur hug á að halda fund um hugmyndir STENÚR að umbúðareglugerð. Gunnar mun óska eftir því við Rögnu að hún sendi stjórnarmönnum FENÚR þau drög sem fyrir liggja frá STENÚR.

### **Önnur mál.**

Rætt var um skort á tölulegum upplýsingum um sorp hér á landi. Jóhannes mun taka málið upp í lagahópnum.

Fundi slitið 16:30.

Rætt var um næsta fund föstudaginn 18. ágúst kl. 15:30 í Reykjavík. Einnig komu fram hugmyndir hvort stjórnin ætti að halda stjórnarfund á Reyðarfirði í þessari sömu viku. Vinsamlega látið vita hvernig þessi vika hentar til fundarhalda.

G.B.